

**Könnun á tegundasamsetningu túna á  
láglendissvæðum í Fljótsdal**  
Áfangaskýrsla

Guðrún Á. Jónsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina

Neskaupstaður  
Mars 2002

## Efnisyfirlit

|   |          |
|---|----------|
| INNGANGUR.....  | 1        |
| ATHUGUNARSVÆÐI.....                                     | 2        |
| AÐFERÐIR.....   | 3        |
| LÝSINGAR Á TEGUNDASAMSETNINGU TÚNA.....                 | 3        |
| <b>Hjarðarból.....</b>                                  | <b>3</b> |
| 1. Hólmar.....  | 3        |
| <b>Melar.....</b>                                       | <b>3</b> |
| 4. Fjánhúsgrund fremri.....                             | 3        |
| 5. Fjánhúsgrund ytri.....                               | 4        |
| <b>Bessastaðagerði.....</b>                             | <b>4</b> |
| 14. Leira.....  | 4        |
| <b>Bessastaðir nytjað frá Eyrarlandi og Melum.....</b>  | <b>4</b> |
| 8. Breiðamýri.....                                      | 4        |
| 10. Koppaker.....                                       | 4        |
| 9. Seigaker.....  | 4        |
| <b>Eyrarland.....</b>                                   | <b>4</b> |
| 9. ónefnt tún.....                                      | 4        |
| 10. ónefnt tún.....                                     | 4        |
| <b>Hamborg, nytjað frá Arnheiðarstöðum.....</b>         | <b>5</b> |
| 6. Silungakíslón.....                                   | 5        |
| 8. Stóralónsbakki.....                                  | 5        |
| 9. Stóralónsbakki.....                                  | 5        |
| 7. Nýalón.....  | 5        |
| 11. Grundir.....  | 5        |
| <b>Hrafnkelsstaðir, nytjað frá Arnheiðarstöðum.....</b> | <b>5</b> |
| 13. Kvíslarbakki.....                                   | 5        |
| 14. Stóralón.....                                       | 5        |
| 15. Illapýfi.....                                       | 5        |
| 16. Koppaker.....                                       | 6        |
| 17. Framgrund.....                                      | 6        |
| 18. Útgrund.....  | 6        |
| <b>Valbjófsstaður.....</b>                              | <b>6</b> |
| 3. Búnaðarfélagstún.....                                | 6        |
| 4. ónefnt tún.....                                      | 6        |
| <b>Skriðuklaustur.....</b>                              | <b>6</b> |
| 7. Pálsstykki.....                                      | 6        |
| 25. ónefnt tún.....                                     | 7        |
| 26. Tunga.....  | 7        |
| <b>Vallholt, nytjað frá Hrafnkelsstöðum.....</b>        | <b>7</b> |
| 1. Gilsáreyri.....                                      | 7        |
| ÞEKJUMÆLINGAR Á SNIÐUM.....                             | 7        |
| UMRÆÐA.....   | 8        |
| HEIMILDIR.....  | 8        |

VIÐAUKI I – þekjumælingar

VIÐAUKI II - tegundalisti

## Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð úttekt á tegundasamsetningu nokkurra túna í Fljótsdal. Þetta er gert vegna hugsanlegrar hækkunar vatnsborðs á lágendum svæðum ofan brúar yfir Jökulsá við Gilsáreyri og Hjarðarból. Búnaðarsamband Austurlands sér um megin gagnaskráningu vegna þessa verkefnis þ.e. að fylgjast með hefyndum á tünunum á þessum svæðum. Þessi úttekt á tegundasamsetningu er einungis viðbót við þær vöktunarrannsóknir sem Búnaðarsambandið stendur fyrir.

Þessi skýrsla greinir frá þeirri vinnu sem fram fór sumarið 2001 og niðurstöðum úttektar á tegundasamsetningu túna í Fljótsdal sem gerð var þá. Skýrslunni er ætlað að geyma upplýsingar sem nýtast til samanburðar við hugsanlegar rannsóknir á þessum tünunum í framtíðinni.

## Athugunarsvæði

Vegna þessa verkefnis hefur Búnaðarsamband Austurlands í samvinnu við bændur á svæðinu gert skrá yfir öll tún á láglandssvæðum ofan brúar við Gilsáreyri. Túnin eru númeruð og merkt á loftmyndakort. Þessi túnaskrá ásamt kortunum var grundvöllur fyrir þær athuganir á tegundasamsetningu sem hér er gerð grein fyrir.

**1. tafla.** Tún sem voru skoðuð flokkuð eftir því hvaða jörð þau tilheyra og hver nýtir þau. Númer og heiti túns er samkvæmt skrá sem Búnaðarsamband Austurlands lét gera vorið 2001 yfir tún á láglandssvæðunum ofan brúar við Gilsáreyri. \* = snið voru tekin í túni.

| Jörð  | Númer og heiti túns  |
|---|--|
| <i>Hjarðarból</i>                                   | 1. Hólmar *  |
| <i>Melar</i>  | 4. Fjánhúsgrund fremri *, 5. Fjánhúsgrund ytri   |
| <i>Bessastaðaagerði</i>                             | 14. Leira *  |
| <i>Bessastaðir, nytjað frá Eyrarl. og Melum</i>     | 8. Breiðamýri*, 10. Koppaker, 9. Seigaker  |
| <i>Eyrarland</i>                                    | 9. ónefnt tún, 10. ónefnt tún *  |
| <i>Hamborg, nytjað frá Arnheiðarstöðum</i>          | 6. Silungakíslón, 7. Nýalón 8. Stóralónsbakki, 9. Stóralónsbakki, 11. Grundir          |
| <i>Hrafínkelsstaðir, nytjað frá Arnheiðarstöðum</i> | 13. Kvíslarbakki, 14. Stóralón, 15. Illapýfi, 16. Koppaker, 17. Framgrund, 18. Útgrund |
| <i>Valþjófsstaður</i>                               | 3. Búnaðarfélagstún, 4. ónefnt tún   |
| <i>Skriðukalaustur</i>                              | 7. Pálsstykki, 26. Tunga, 25. ónefnt tún   |
| <i>Vallholt nytjað frá Hrafínkelsstöðum</i>         | 1. Gilsáreyri  |

Athugunarsvæðið norðan Jökulsár tekur til túna á jörðunum Hjarðarbóli, Melum, Bessastaðagerði, Eyrarlandi, Hamborg, Bessastöðum, Skriðuklaustri og Valþjófsstað. Sunnan ár var einungis eitt tún skoðað en það tilheyrir Vallholti. Mismörg tún tilheyrandi þessum jörðum voru skoðuð og var reynt að velja þau sem eru lægst en jafnframt að dreifa athugunarsvæðum sem víðast m.t.t. jarða og nýtingarréttar á tünunum.

Þekjumælingar voru gerðar í tünnum sem tilheyra jörðunum Hjarðarbóli, Melum, Bessastöðum, Bessastaðagerði og Eyrarlandi.

## Aðferðir

Vettvangsathugun var gerð í júlí 2001. Gengið var um túnin sem til skoðunar voru ofan brúarstæðis við Gilsáreyri (1. tafla). Tegundir voru skráðar og lagt mat á hvaða tegundir væru ríkjandi í hverju túni. Einnig var skráð almenn lýsing á túnunum og einkum athugað hvort túnin væru þurr, eða deiglend að einhverju leyti. Megin áhersla var lögð á að lýsa hvaða tegundir væru ríkjandi og áberandi í gróðurfari. Aðrar tegundir voru einnig skráðar þótt ekki væri lögð áhersla á að finna allar tegundir sem þar kunna að finnast. Það er því líklegt að einhverjar tegundir til viðbótar því sem talið er í þessari skýrslu vaxi í mörgum af þessum tünnum en það eru þá tegundir sem eru lítið áberandi t.d. vegna þess að þær vaxa á afmörkuðum blettum eða mjög strjált. Einnig var lögð megin áhersla á tún sem greinilega eru enn nýtt til heyskapar. Nokkur þeirra túna sem skoðuð voru eru greinilega ekki lengur nýtt.

Á nokkrum stöðum (1. tafla) var þekja tegunda metin til að fá nánari upplýsingar um hlutfallslegt magn helstu tegunda. Þekjumatið var gert þannig að 51 m langt snið var mælt út í einsleitu gróðurlendi og þekja tegunda var metin sjónrænt á 6 1x1 m reitum sem dreift var jafnt á sniðið. Sniðin voru ekki merkt þannig að ekki verður hægt að endurtaka mælingar nákvæmlega. Notaður var eftirfarandi þekjukvarði 5 = tegundin þekur > 50% af yfirborði reits, 4 = tegund þekur 25-50%, 3 = tegund þekur 12,5-25 % 2 = tegund þekur 6,25-12,5% , 1 = tegundin þekur 1- 6,25% af reit og + = tegundin finnst í reitnum en þekur minna en 1% af yfirborði.

## Lýsingar á tegundasamsetningu túna

### *Hjarðarból*

#### 1. Hólmar

Túnvingull og vallarsveifgras voru mest áberandi grastegundirnar. Lokasjóður og hvítsmári voru einnig all áberandi um mest allt túnið. Ekki var mikið um snarrótarpunt en smá blettur var á bakka við læk. Dálítið var af mýrastör/stinnastör en ekki áberandi. Vallarfoxgras sást hér og þar en óx gisið. Hálmgresi var talsvert algengt neðan til en hvarf er ofar dregur í túninu. Hálíngresis- og skriðlíngresisblettir voru einnig hér og þar. Í heildina virðast þó túnvingull og vallarsveifgras algengustu tegundirnar eins og fyrr er getið. Auk áður nefndra tegunda fundust vallhæra, vegarfi, kornsúra, hrafnaklukka, hvítsmári, lokasjóður, hálíngresi, túnfifill, lækjagrýta og dúnurtar tegund í túninu.

### *Melar*

#### 4. Fjárhúsgrund fremri

Túnið skiptist með skurðum í 3 spildur. Algengustu tegundir voru túnvingull, vallarsveifgras og hálíngresi. Toppur af snarrótarpunti voru hér og þar t.d. nálægt jöðrum. Einstöku blettir af skriðlíngresi fundust í dældum neðan til en ofan til var hálíngresi meira áberandi. Talsvert var af vallarfoxgrasi í þessu túni einkum neðst í miðju spildunni. Sóleyjarblettir voru áberandi ofan til og hvítsmári sást all víða. Auk þess sást hálíðagras, vegarfi og túnfifill. Spildurnar 3 voru annars svipaðar.

## 5. Fjárhúsgrund ytri

Vallarsveifgras, hálmgresi og túnvingull voru algengustu tegundir grasa. Skellur af snarrótarpunti sást einnig víða. Af tvíkímblöðungum sást mest af túnfíflum og hvítmára. Auk þess fundust vallhumall og vegarfi. Túnið virðist nokkuð einsleitt.

### *Bessastaðagerði*

## 14. Leira

Túnið var all rakt einkum miðbik spildunnar endilangrar. Þar sást mýrastör og hálmgresi. Nyrst var þurrara og talsvert mikið af snarrótarpunti. Annars voru aðal grastegundir: vallarsveifgras, túnvingull og hálmgresi. Mikið var um lokasjóð og vallhæru og talsvert um hvítmára. Mýrastör var all algeng einkum um miðbik túnsins en óx þó hvergi þétt. Engjarós sást sums staðar einkum á svæðum við tjörnina yst. Auk þess sást tegundir eins og hrafnaklukka, skriðlíngresi, lækjagrýta, brennisóley, dúnurtartegund og túnfífill.

### *Bessastaðir nytjað frá Eyrarlandi og Melum*

## 8. Breiðamýri

Snarrótarpuntur var áberandi um mest allt túnið. Á köflum var túnvingull en annars staðar var vallarsveifgras áberandi og eitthvað var um hálmgresi. Örlítið af mýrastör sást neðst en ekki var mikið um hana og auk þess fanst vegarfi. Túnið var fremur einsleitt og lítið um sjáanlega flekki í því.

## 10. Koppaker

Gamalt tún, eða uppplægt svæði sem ekki hefur verið sáð í. Plógför sást eins og rendur á svæðinu. Koppaker er því ekki notað sem tún eins og er. Mest áberandi tegundir voru: snarrótarpuntur, túnvingull og vallarsveifgras. Koppakerið virðist allt þurrt.

## 9. Seigaker

Snarrótarpuntur var mjög áberandi en vallarsveifgras, túnvingull og hálmgresi voru einnig algengar tegundir. Hálmgresi fannst einkum neðan til í túnu en ekki mikið. Túnið er annars fremur einsleitt. Tegundir eins og vegarfi, lokasjóður og vallhæra sást og einnig hrafnaklukka sem þó var lítið af.

### *Eyrarland*

## 9. ónefnt tún

Ekki virðist hafa verið borinn áburður á þetta tún eða það slegið nýlega. Snarrótarpuntur var mest áberandi tegundin og mjög mikið af lokasjóð. Neðan til í þessu túni voru talsverðar deiglendisshellur með fifu.

## 10. ónefnt tún

Snarrótarpuntur og vallarfoxgras voru mest áberandi tegundirnar í þessu túni. Fáeinar litlar og grunnar dældir eru í túninu og þar voru vallarsveifgras og hálmgresi einkum áberandi. Ofan til í túninu eru lænur þar sem vallarsveifgras var mjög áberandi. Annars setti snarrótarpunturinn mestan svip á túnið í heild. Litlir rakablettir með fifu voru neðst í túninu. Auk þess fundust varpasveifgras, vegarfi, blóðarfi, klóelfting, túnfífill, haugarfi, lokasjóður, mýradúnurt, flagasóley, hvítmári, hálmgresi og gulmaðra.

## *Hamborg, nytjað frá Arnheiðarstöðum*

### 6. Silungakíllslón

Ekki lítur út fyrir að borinn hafi verið áburður á túnið eða það slegið nýlega. Snarrótarpuntur var mest áberandi tegundin en túnvingull, língresi og vallhæra voru einnig mjög algeng. Túnið er að mestu þurrt en þó sést mýrarblettur. Tegundir eins og reyrgresi, hvítmári, lokasjóður og vegarfi sáust. Í túnjaðri sáust hálmgresi og hrossanál.

### 8. Stóralónsbakki.

Þessi spilda lítur út fyrir að vera í órækt og ekki er að sjá að hún hafi verið nytjuð nýlega. Snarrótarpuntur var þar lang algengastur og mjög áberandi en hálingresi var þar einnig algengt. Hrossanál sást einnig í talsverðum flekkjum.

### 9. Stóralónsbakki

Þetta tún virðist ekki vera í notkun. Á bakka Jökulsár er fremur þurrt og voru hrossanál, língresi og snarrótarpuntur algengustu tegundirnar en fjær ánni kemur votlend ræma með mýrastör, hálmgresi og skriðlíngresi. Norðan við það er snarrótakantur og þar óx einnig hrossanál, hálingresi, reyrgresi og krossmaðra. Við tjörn fannst m.a. vatnsnál en mýrastör og flagasóley í kring.

### 7. Nýalón

Þetta tún virðist ekki hafa verið slegið og ekki er að sjá að borinn hafi verið á það áburður. Hálingresi var áberandi neðst og við garð sem þar er. Neðst og utar var hrossanál áberandi. Ofan til var hins vegar snarrótarpuntur ríkjandi og mikið af vallhæru. Blóm voru ekki áberandi en þó sáust lokasjóður, vegarfi og skarífífill.

### 11. Grundir

Ekki er að sjá að áburður hafi verið borin á þetta tún 2001. Snarrótarpuntur var aðaltegund en hálingresi einnig algengt. Lokasjóður, hvítmári, möðrur og túnvingull voru allt algengar tegundir á Grundum. Túnið virðist vel þurrt.

## *Hrafnkelsstaðir, nytjað frá Arnheiðarstöðum*

### 13. Kvíslarbakki

Ekki hefur verið slegið þar nýlega eða borinn á áburður. Snarrótarpuntur var mest áberandi en hálingresi og túnvingull voru einnig mjög algeng. Eitthvað var um lokasjóð. Kvíslarbakki er ágætlega þurrlandur að sjá.

### 14. Stóralón

Snarrótarpuntur var mest áberandi á stórum hluta þessa túns og einnig er mikið um hálingresi. Þá sáust tegundir eins og hvítmári, gulmaðra, vegarfi, lokasjóður og vallhæra víða. Í lænum sem eru rakari voru língresistegundir áberandi og hálmgresi sást all víða. Dæld er í miðju túninu og þar fannst vatnsnál, lófótur, klófifa, mýrastör og hálmgresi. Klófifa fannst einnig efst, nálægt háspennulínunni og nokkuð var um mýrastör ofan til einkum um miðbikið. Túnið er því nokkuð deiglent á köflum.

### 15. Illapýfi

Þetta tún hefur ekki verið slegið í fyrra og e.t.v. ekki í fleiri ár. Ekki er heldur að sjá að borinn hafi verið á það áburður nýlega. Það lítur því ekki út fyrir að vera í notkun

Í öllu túninu var mjög mikið af snarrótarpunti. Ofan við skurð var mikið um mýrastör, língresi og einnig var túnvingull algengur. Ekki er þó að sjá að þetta sé mjög blautt þrátt fyrir mýrastörina. Neðan við skurð var snarrótarpuntur, hálíngresi, mýrastör og hálmgresi. Mikið var um vallhæru, lokasjóð og skarífífil sem einkum var áberandi á bletti ofan til í túninu.

#### 16. Koppaker

Þetta tún virðist ekki hafa verið nýtt í nokkur ár. Í þessu túni er snarrótarpuntur áberandi og talsvert um mýrastör. Mikið er einnig um hálmgresi og túnvingul. Vallhæra áberandi og lokasjóður, hrafnaklukka og klófífa sjást.

#### 17. Framgrund

Snarrót var áberandi í þessari spildu sem er alveg þurr. Ekki virðist hafa verið borinn áburður á þetta tún eða það slegið. Grasið er nokkuð gulnað og gisið og túnið ekki vel slétt. Lokasjóður, hvítmári og túnvingull eru einnig algengar tegundir á Framgrund.

#### 18. Útgrund

Útgrund lítur heldur ekki út fyrir að vera nýtt sem tún sem stendur. Grasið er þar nokkuð gulleitt og virðist hvorki hafa verið borin þar á áburður eða slegið. Snarrótarpuntur er mest áberandi en vallarsveifgras og hálíngresi einnig algeng. Útgrund virðist vel þurr.

#### *Valþjófsstaður*

#### 3. Búnaðarfélagstún

Snarrótarpuntur er alls staðar mjög áberandi en einnig er mikið um vallarsveifgras, túnvingul og língresis tegundir. Hálmgresi sést í lænum en ekki mikið. Mýrastör sést á nokkrum stöðum en vex hvorki þétt né á stórum svæðum. Snarrótarpunturinn verður heldur meira ríkjandi eftir því sem innar dregur á túninu. Vallarfoxgras sést hér og þar en ekki er mikið af því.

#### 4. nafnlaust tún

Hálmgresi var víðast mjög áberandi í þessu túni. Við innri kant túnsins var talsvert um snarrótarpunt og hann sést einnig víða í skellum. Á milli eru blettir, bollar þar sem vallarsveifgras var meira áberandi. Hrafnafífa sást á fáum stöðum innan um vallarsveifgras og língresi. Slæðingur af vallarfoxgrasi var hér og þar a.m.k. neðan til. Dálítil lægð er neðan til og þar var vallarsveifgras mest áberandi en hálmgresi, túnvingull og língresi sjást einnig þar. Almenn er túnið þurrt og hvergi sást stör.

#### *Skriðuklaustur*

#### 7. Pálsstykki.

Snarrótarpuntur var mjög áberandi í öllu túninu. Auk þess var vallarsveifgras algengt í efri hluta þess og nokkuð um túnvingul. Í neðri hlutanum var língresi áberandi einkum við jaðra túnsins og einnig var vallarsveifgras þar áberandi. Túnið var ágætlega gróskumikið. Það virðist allt þurrlent og í góðri rækt. Lítill rakablettur við kannt sem er í miðju túni og þar sést fífa.

## 25. ónenft tún

### *Efra stykki*

Vallarfoxgras var áberandi og einnig var mikið um snarrótarpunt, hálingresi, vallarsveifgras og túnvingul. Aðrar tegundir eru vallhæra, hálmgresi og akurarfi.

### *Neðra stykki*

Túnvingull og hálingresi voru útbreiddar og áberandi tegundir á þessu stykki. Snarrótarpuntur og vallarsveifgras voru einnig algengar tegundir og vallarfoxgras var áberandi í skellum. Aðrar tegundir sem sáust víða eru: lokasjóður, hvítmári og vegarfi. Einnig gulmaðra og vallhumall sem uxu einkum við jaðra túnsins.

## 26. Tunga

### *Neðsta spilda*

Þetta svæði er í góðri rækt og virðist hvergi blautt. Helstu tegundir voru: túnvingull, snarrótarpuntur og vallarsveifgras. Língresi var áberandi í flekkjum og vallarfoxgras var víða en gisið. Blettir af vallhumli voru all áberandi og gulmaðra, lokasjóður og hvítmári sáust hér og þar. Túnið virðist hvergi blautt, fremur einsleitt og laust við skellur. Þó sjást merki um raka einkum ofan til þar sem mýrastör og hálmgresi fannst á nokkrum stöðum.

### *Mið spilda- neðri*

Svipað tún og á neðstu spildunni. Þó fannst slangur af háliðagras og talsvert af hvítmára. Þessi spilda virðist þurr og hvorki sást hálmgresi né mýrastör eða aðrar tegundir sem benda til að raki sé á vaxtarstað.

### *Mið spilda –efri*

Þessi hluti túnsins er heldur blautari en neðri hlutinn. Talsvert var um hálmgresi, mikið um vallarsveifgras, snarrótarpunt og lokasjóð. Knjáliðagras sást einnig en ekki mikið.

### *Efsta spilda*

Þessi túnspilda virðist að mestu þurrland. Algengustu tegundir voru snarrótarputnur, língresi, túnvingull og vallarsveifgras. Hálmgresi sást á nokkrum stöðum en lítið. Auk þess sáust lokasjóður, háliðagras og hrafnaklukka.

### *Vallholt, nytjað frá Hrafnkelsstöðum*

## 1. Gilsáreyri

Þetta tún er ógirt og stóðu kindur þar á beit. Þó virðist sem borið hafi verið á túnið og þar hafi verið slegið undanfarin ár. Algengustu tegundir voru vallarsveifgras og hálingresi. Talsvert var um túnvingul og snarrótarpunt og mikið af hvítmára. Snarrótin var einkum neðan til á túninu. Aðrar tegundir voru: lokasjóður, hálmgresi, vegarfi og haugarfi. Neðan til og utan til er votlendur blettur þar sem mýrastör, vatnsnál, hálmgresi, hrafnaklukka og engjarós uxu.

## Þekjumælingar á sniðum

Eins og fyrr er getið voru einungis gerðar fáeinar þekjumælingar og munu þær væntanlega nýtast fyrst og fremst sem staðfesting á lýsingum (Viðauki 1-6. tafla). Niðurstöður þessara þekjumælinga sýna að oftast eru 2-4 tegundir langalgengastar eða ríkjandi í hverju túni þótt talsvert fleiri tegundir finnast oftast.



Fjölga þyrfti þessum mælingum ef nota á þær sem grunn til að endurtaka mælingar í framtíðinni.

## Umræða

Eins og getið var um í inngangi var Búnaðarsambandi Austurlands falið í samráði við ábúendur að halda skrá um heyfeng og helstu þætti sem áhrif hafa á heyfeng svo sem áburðargjöf og sláttutíma. Þetta er gert til að mögulegt verði að meta hvort breytingar verði á tünunum í kjölfar brúarbyggingar við Gilsáreyri. Fyrir utan það að fylgst verður með heyfeng var ákveðið að lýsa tegundasamsetningu túnanna til að hafa fleiri mælistikur en heyfeng að styðjast við ef grunur vaknar um að breytingar séu að verða.

Tegundasamsetning getur m.a. gefið upplýsingar um rakastig í tünunum og gæti því breyst ef t.d. varanleg breyting verður á raka. Upplýsingar um tegundasamsetningu geta því nýst ásamt öðrum mælingum til að greina hvort einhver tún blotna meira eftir brúarbyggingu en áður var.

Nokkur af þeim tünunum sem fyrirfram voru valin til athugunar reyndust ekki lengur í notkun eða a.m.k. ekki nýtt sumarið 2001. Reikna má með að breytingar verði á tegundasamsetningu í tünunum sem ekki er lengur borinn áburður á eða slegin og því erfiðara að greina hugsanleg áhrif af breyttu rakastigi í þeim tünunum. Minni áhersla var því lögð á að skoða þau en hin sem greinilega eru enn nýtt til heyskapar.

Flest túnin á athugunarsvæðinu eru gömul og sum líklega náttúrulegar grundir sem borið hefur verið á. Tegundasamsetning er því fjölbreyttari en búast mætti við í nýræktuðum tünunum. Þó voru oftast fáar tegundir ríkjandi í hverju túni. Mörg af þessum tünunum voru einsleit og tegundasamsetning því svipuð í öllu tüninu, en önnur voru skellótt þannig að talsverður munur gat verið á tegundasamsetningu frá einum bletti til annars.

Upphaflega var áætlað að gera fleiri gróðurmælingar (þekjumælingar) með því að mæla þekju í ákveðnum reitum. Það reyndist mjög tímafrekt og m.a. vegna þess að oft getur verið talsvert seinlegt að aðgreina mismunandi grastegundir ef blómgun er ekki mikil. Mikilvægara var talið að skoða og lýsa tegundasamsetningu sem flestra af þeim tünunum sem liggja á þessum láglandssvæðum. Þá var einkum haft í huga að þessi tún tilheyra mismunandi jörðum og ábúendum. Það gæti reynst gagnlegt fyrir einstakar jarðir og ábúendur í framtíðinni að lýsingar á tegundasamsetningu túna liggja fyrir. Hugsanlega ætti þó að bæta við þekjumælingum í einhverjum tünunum til að hafa fyllri gögn um tegundasamsetningu.

## Heimildir

Búnaðarsamband Austurlands. Loftmyndir með afmörkun túna og skrá yfir tún á láglandssvæðum ofan brúar við Gilsá. Unnið að beiðni Vegagerðarinnar vorið 2001. Óbirt.